

Nd.

710. Breytingartillögur

[268. mál]

við frv. til laga um Tæknistofnun Íslands.

Frá Vilborgu Harðardóttur og Benedikt Gröndal.

1. Við 1., 5. og 11. gr., ákvæði til bráðabirgða og fyrirsögn:
Nafn stofnunarinnar verði **Iðntæknistofnun Íslands**.
2. Við 3. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Stofnunin skiptist í aðaldeildir og sérdeildir.
Aðaldeildir séu fyrst um sinn þessar:
Iðntæknideild, sem annast tækniþjónustu við framleiðslu og þjónustuiðnað.
Byggingatæknideild, sem annast tækniþjónustu við byggingaiðnað.
Stjórnunarmáladeild, sem annast þjónustu við allan iðnað á sviði stjórnunarmála og framleiðsluhagræðingar. Enn fremur sér deildin um skipulagningu og framkvæmd stöðlunarmála.
Fræðsludeild, sem skipuleggur og hefur umsjón með fræðslustarfsemi iðntæknistofnunarinnar. Er þá m. a. meðtalin fræðsla og þjálfun iðnverkafólks og annars faglærðs og ófaglærðs iðnstarfsfólks, almennt námskeiðahald og útgáfustarfsemi, upplýsingaþjónusta og kynning á starfsemi stofnunarinnar. Fræðsludeild sækir kennslukrafta og sérfræðipækkingu til annarra deilda og til aðila utan stofnunarinnar eftir ástæðum. Fræðsludeild hefur í starfi sínu náð samstarf við iðnskólana í landinu og aðra þá, sem kunna að vinna að svipuðum verkefnum.
Tvær síðustu málsgreinar 3. gr. standi óbreyttar.
3. Við 4. gr. Neðst í upptalningu fulltrúa í aðalstjórn bætist:
einn fulltrúa starfsfólks stofnunarinnar samkvæmt tilnefningu sameiginlegs fundar.